

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

423. fundur

Föstudaginn 20. Mars 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Mætt voru:

Kristín Thorarensen (KT) Lovísa Jónsdóttir (LJ), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB). Magnús Örn Guðmundsson boðaði forföll.
Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) sem ritaði fundargerð.

Tekið fyrir:

1. Árlegt árangursmat stjórnar.
2. Nýtt félag
3. Ársreikningur 2025 og endurskoðunarskýrsla.
4. Innri endurskoðunarskýrsla
5. Umræður um gjaldskrá.
6. Uppgjör við verktaka

1. Árlegt árangursmat stjórnar

Árlegt árangursmat stjórnar verður sent út til stjórnarmanna á næstunni.

2. Nýtt félag

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Vinnuhópur stjórna hefur fundað um málefnið. Verið að ræða útfærslu á fjölda atriða. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður.

3. Ársreikningur 2025

Framkvæmdastjóri og Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri kynnti niðurstað ársreikning 2025. Rekstrarafkoma jákvæð og fjárhagslega stærðir á þróast í rétta átt. Sigrún Guðmundsdóttir frá endurskoðunarnefnd fylgdi eftir áliti endurskoðunarnefndar á ársreikningi. Bjarni M. Jóhannesson, endurskoðandi frá Grant Thornton fór yfir vinnu ytri endurskoðenda við endurskoðun á ársreikningi Strætó.

Stjórn samþykkir framlagðan ársreikning og staðfestir með rafrænni undirritun.

4. Innri endurskoðun

Sara Fönn Jóhannsdóttir, Lovísa Sigurðardóttir og Jóna Hrönn Benediktsdóttir frá Deloitte komu á fundinn og fóru yfir drög að innri endurskoðun hjá Strætó.

5. Umræður um gjaldskrá

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að minnisblað um ungmennafargjöld. Jafnframt var kynnt staða vinnu við breytingar á tímabilskortum.

6. Uppgjör við verktaka

Framkvæmdastjóri kynnti ítarlega greiningu á áhrifum breytinga á vísitölum sem notaðar eru til verðbóta akstursamninga við verktaka Strætó. Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá málinu í samræmi við umræður á fundinum.

Fundi slitið 09:35.

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thorarensen.

Lovísa Jónsdóttir